



Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
20.09.23	17:00	HT - 103	3
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Rakel Anna Boulter	Rannveig Klara Guðmundsdóttir	20.09.23	
Fundaraðilar mættir:			
Félagsvísindasvið:			
Arna Dís Heiðarsdóttir (Röskva)			
Daníel Hjörvar Guðmundsson (Vaka)			
Júlíus Viggó Ólafsson (Vaka)			
Kristmundur Pétursson (Röskva)			
Heilbrigðisvísindasvið:			
Sigríður Helga Kárdal Ásgeirsdóttir (Röskva)			
Daniel Thor Myer (Röskva)			
Elísabet Sara Gísladóttir (Vaka)			
Hugvísindasvið:			
Guðni Thorlacius (Röskva)			
Júlía Karín Kjartansdóttir (Röskva)			
Steinunn Kristín Guðnadóttir (Röskva)			
Menntavísindasvið:			
Tanja Sigmundsdóttir (Röskva)			
Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir (Röskva)			
Verkfræði- og náttúruvísindasvið:			
María Rós Kaldalóns (Röskva)			
Davíð Ásmundsson (Röskva)			
Eiður Snær Unnarsson (Vaka)			
<i>Aðrir (án atkvæðisréttar)</i>			
Rakel Anna Boulter, forseti SHÍ			
Dagmar Óladóttir, varaforseti SHÍ			
Rannveig Klara Guðmundsdóttir, hagsmunafulltrúi SHÍ (ritari)			
Gísli Laufeyjarsön Höskuldsson, lánasjóðsfulltrúi SHÍ			
Katrín Björk Kristjánsdóttir			
Kolbrá Brynjarsdóttir			
Katha Aþena Guðný Þorsteinsdóttir			
Jóhannes Óli Sveinsson			
Arent Orri Jónsson			
Sigurbjörg Guðmundsdóttir			
Fjóla María Sigurðardóttir			
Linda Rún Jónsdóttir			
Andrea Gunnarsdóttir			
Moses Osabutey			
Lilja Hrönn Önnudóttir Hrnarsdóttir			
Fundarmenn fjarverandi og án varafulltrúa:			
Félagsvísindasvið: Emilía Björt Írisard. Bachmann (Röskva)			
Heilbrigðisvísindasvið:			
Hugvísindasvið:			
Verkfræði- og náttúruvísindasvið:			
Menntavísindasvið: Júlíana Dögg Önnudóttir Chipa (Vaka)			



Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur 20. september 2023 í stofu HT 103

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund 17:00-17:05
The President of the Student Council convenes the meeting
2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs þann 22. ágúst borin upp til samþykktar
(*atkvæðagreiðsla*) 17:05-17:10
Vote on minutes from the Student Council meeting on June 21st.
3. Eftirstandandi tilnefningar í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs (*atkvæðagreiðsla*) 17:10-17:15
Remaining nominations for the Student Council's schools and committees (voting)
 - a. Kosið verður í þær stöður sem voru eftir frá kjörfundi, í sviðsráð Hugvísindasviðs
4. Tilkynningar og mál á döfnni 17:15-17:30
Announcements and issues ahead
5. Kynning á stöðu mála í lögbundinni endurskoðun laga um Menntasjóðs Námsmanna - Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, Lánasjóðsfulltrúi SHÍ 17:30-17:50
Presentation of the state of affairs in the statutory revision of the Act on the Students' Education Fund - Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, SHÍ Loan Fund representative
6. Ársreikningur SHÍ 2022-2023 kynntur - Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, framkvæmdastjóri SHÍ 17:50-18:00
SHÍ's annual report 2022-2023 presented - Guðmundur Ásgeir Guðmundsson, SHÍ's managing director
7. Fundarhlé 18:00-18:10
8. Kynning á könnun um fjárhagsstöðu stúdenta - Katrín Björk Kristjánsdóttir og María Sól Antonsdóttir 18:10-18:25
Presentation of a survey on students' financial situation
9. Niðurstöður stefnumótunardags - framkvæmdaáætlanir fastanefnda (*umræður og atkvæðagreiðsla*) 18:25-18:50
Vote on the Student Council's committees implementation plans
10. Önnur mál 18:50-19:00
Other issues
11. Bókfærð mál
Recorded issues
12. Fundi slitið 19:00

1. Forseti Stúdentaráðs setur fund

1. Fundur settur 17:07



2. Fundargerð síðasta fundar Stúdentaráðs þann 22. ágúst borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla)
 1. Atkvæðagreiðsla fundargerðar: **Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.**
3. Eftirstandandi tilnefningar í nefndir og sviðsráð Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) 17:10-17:15
 1. Ekki hafa borist neinar tilnefningar og því ekki kosið.
4. Tilkynningar og mál á döfnni 17:15-17:30
 1. **Októberfest:** Gekk vonum framár. Hefði ekki verið hægt án sjálfboðaliða. Nú hefst vinna við Októberfest skýrslu sem stefnt er á að kynna á stúdentaráðsfundi.
Forseti segir frá Októberfest og von er á skýrslu um hátíðina á næstunni. Aðgengi gekk vel, kynjahlutfall milli tónlistarfólks gekk vel, öryggisgæsla gekk að mestu vel. Allar ábendingar um Októberfest eru velkomnar.
Tanja Sigmundsdóttir: Þrátt fyrir að þetta heiti Björkort þyrfti mögulega að segja fólki að björkortin eiga bara við um eina tegund af bjór.
Sérstök tilboð á annarskonar áfengi tókst ekki á þessu ári vegna kostnaðar.
Eiður Snær Unnarsson: Það væri frábært ef kortin gætu verið rafræn eða einungis bara eitt kort en ekki 10 miðar.
 2. **Vísindaferðir í Stúdentaráð:** Planaðar vísindaferðir næstu 5 föstudaga.
Hefjast núna á föstudaginn 22.september og hefur FVS leikinn.
 3. **Starfsemi skrifstofu:** Myndataka SHÍ búin. Hagsmunaskrá Stúdentaráðs tilbúin.
Opnunartími skrifstofu er aftur komin í eðlilegt horf, hún er opin frá 10-17 alla virka daga. Fastir viðtalstímar alþjóða-, hagsmuna- og lánasjóðsfulltrúa birtir á heimasíðu ráðsins.
Steinunn: *Hvar er hagsmunaskráin?*
Rakel Anna: *Hana er að finna inni á heimasíðu Stúdentaráðs undir lög, fundargerðir, ársskýrslur o.fl.*
 4. **Stjórn Stúdentaráðs:** Stjórn hefur fundað tvisvar frá síðasta Stúdentaráðsfundi. Sagt frá síðastu fundum stjórnar og því sem þar fór fram.
Tekið var fyrir samstarf við Mowo, Coolbet og Rotary. Mowo var samþykkt, Coolbet ekki samþykkt og Rotary bent á að betra væri að halda vísindaferð. Á seinni fundi var tekið fyrir m.a. fund fólksins en því miður tókst SHÍ ekki að taka þátt í ár en sá möguleiki verður skoðaður að nýju fyrir næsta ár.
 5. **Fjárhagsáætlun Stúdentaráðs** er í vinnslu og er stefnan að taka hana fyrir á október fundi Stúdentaráðs.
Á eftir að klára samninga við nokkra samstarfsaðila og háskólann.

6. **Samráðsfundur með ráðherra:** Óvænt boð barst nær öllum í innra starfi SHÍ á samráðsfund í ráðuneytinu. Forseti útbjó minnisblað sem aðgengilegt er á teams svæði ráðsins þar sem farið var yfir helstu málefni er varða stjórnsmál ásamt rakningu á samráði við ráðuneytið fram að þessu. Greint verður frá efni fundarins sem og efni minnisblaðsins.
7. **Reiknilíkan**

Forseti fer stuttlega yfir nýtt reiknilíkan. Hún segir frá þeim áhyggjum sem komu upp er varða frekari aðgangsstýringu við Háskólann og að þetta búi til hvata fyrir skólann að auka inntökukröfur í háskólann. Í nýju líkani kemur fram að sjálfstæðir háskólar fái 75% af hlutfalli. Þetta hlutfall miðast við t.d. grunnskóla á Íslandi, en á Norðurlöndunum er hlutfallið sem rennur til einkareknu háskólanna lægra.

Dagbjört: *Þarf ekki að beita fyrir því að þessir minnihlutahópar fái jafnt aðgengi að námi t.d. foreldrar í námi.*

Rakel Anna: *Jú svo sannarlega, við þurfum aðallega að finna hvar hægt væri að koma með þessar athugasemdir, stefnt er að því að SHÍ gefi út yfirlýsingu.*
8. **Annað:**

Íþróttaskóli SHÍ mun fara fram aftur í vetur. Það munu koma frekari upplýsingar um það núna í október.
5. **Kynning á stöðu mála í lögbundinni endurskoðun laga um Menntasjóðs Námsmanna - Gísli Laufeyjarson Höskuldsson, Lánasjóðsfulltrúi SHÍ 17:30-17:50**
 1. Til stendur til að endurskoða lögin nú í haust. Gísli fer yfir hvað þetta þýðir í raun og veru. Guðrún Ragnarsdóttir, utanaðkomandi sérfræðingur, mun skrifa skýrslu fyrir ráðuneytið sem kynnt verður á Alþingi í nóvember. Vinnustofur ráðuneytisins verða líklega haldnar í vor og svo í kjölfar þessa lagt fram frumvarp á vorþingi.
 2. Þetta gæti þýtt allskonar. Það er ekki víst að endurskoðun laganna kalli á aukið fjármagn inn í námslánakerfið. Líklegast er þetta einungis endurskoðun á lögnum sjálfum. Í síðustu viku bárust Stúdentaráði rúmlega 20 skjöl frá ráðuneyti háskólamála, um þessa endurskoðun eftir að ráðið kærði ráðuneytið fyrir að veita ekki téðar upplýsingar. Þar á meðal er að finna tillögur og ýmsa umfjöllun um sjóðinn frá t.d. framkvæmdastjóra sjóðsins. Hún leggur m.a. til að vaxtaþakinu sé breytt, að niðurfellingin sé ekki fyrir námið í heild sinni heldur fyrir einingar. Hún leggur líka til að stjórn sjóðsins verði lögð niður sem er slæmt þar sem við það myndu stúdentar missa einn helsta samráðsvettvang milli stúdenta og sjóðsins.

3. En hvað viljum við? Erum helst að vinna með stefnu stúdentaráðs um endurskoðunina sem samþykkt var 28. nóvember síðastliðinn. Í grófum dráttum vill SHÍ frekara svigrúm fyrir stúdenta. Í vetur munu koma út yfirlýsingar frá SHÍ um þetta en þær verða að sjálfsögðu bornar undir ráðið. Mögulega verður það varnarbarátta sem ráðið þarf að leggjast í.

Sigríður: *Eru ekki 2 einingar lágmark núna?*

Gísl: *22 einingar.*

Sigríður: *Hefur breyting á því verið rædd í þeim gögnum sem þú fékkst?*

Gísl: *Nei þar kom ekkert fram en höfum bent ítarlega á að þú megir ekki þiggja atvinnuleysisbætur ef þú ert í 12 einingum. Og svo hefur sjóðurinn þá reglu að þú fái ekki lán nema þú sért með 22 einingar. Félagsmálaráðuneytið var sammála um þetta bil sem skapast milli tveggja kerfa væri óheppilegt. Þau sögðu að menntasjóðurinn ætti að brúa þetta bil betur milli kerfa.*

Eiður: *Var frítekjumarkið nefnt í skýrslunni?*

Gísl: *Nei ekki svo ég muni.*

Júlíus: *Er ekki staðan sú að það er verið að fara í upplýsingaöflun núna og takmarkað sem við vitum og því lítið sem hægt er að segja?*

Gísl: *Jú það er einmitt málið og í raun galið að ferlið sé ekki komið lengra. Gísl er einnig búin að kæra fjármálaráðuneytið um gögn sem þau hafa um endurskoðunina.*

6. Ársreikningur SHÍ 2022-2023 kynntur - 17:50-18:00

1. Í fjarveru Guðmundar kynnrir Rakel Anna stuttlega ársreikning síðasta starfsárs. Reikningurinn hefur verið samþykktur af stjórn Stúdentaráðs en vaninn er að hann sé kynnt fyrir Stúdentaráði. Reikningurinn hefur verið skoðaður af skoðunaraðila.

Júlíus: *Hvað eru þetta aftur mörg stöðugildi á skrifstofunni?*

Rakel Anna: *Þrjú og hálf.*

Guðni: *Í hvað fer hagnaðurinn?*

Rakel Anna: *Það liggur ekki fyrir; hefur undanfarin ár farið í rekstur næsta starfsárs.*

7. Fundarhlé

Kosning á því að fundarliður 9 verði tekin á undan fundarlið 8 – **Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.**

8. (9.) Niðurstöður stefnumótunardags - framkvæmdaáætlanir fastanefnda (umræður og atkvæðagreiðsla)
1. **Fjármála og atvinnulífsnefnd – Kynnt af Jóhannesi Óla Sveinssyni**
 - i. **Júlíus:** Hvað finnst nefndinni hafa vantað upp á tengslatorg og hvað finnst nefndinni að þurfi að breyta þar?
 - ii. **Jóhannes:** Náms- og starfsráðgjöf hafi verið mest að breyta. En okkur finnst að tengslatorg hafi ekki verið nógu virkt og þar vanti inn á fleiri tækifæri og upplýsingar fyrir stúdenta.
 2. **Kennslumálanefnd – Kynnt af Júlíu Karín Kjartansdóttur forseta nefndarinnar.**
 - i. **Daníel:** Var búið að fara yfir hugmyndir um hvernig herferð um kennslukönnun væri gerð?
 - ii. **Júlía:** Já bara minna á nærgætni þegar nemendur svara könnuninni, við höldum að fólk sé ekki alveg meðvitað um að kennarar lesa þetta sjálfir.
 - iii. **Fjóla** bregst við: Vildum t.d. koma með dæmi um meiðandi komment úr kennslukönnunum sem kennarar hafa fengið.
 - iv. **Dagbjört:** Væri möguleiki á því að vera með samstarf við sviðsrád MVS um nýtingu staðlota á sviðinu þar sem þær eru ekki nýtnar? Væri hægt að nútímavæða þessar kennslukannanir, þetta hefur fráhrindandi og gamaldags útlit. Og hafið þið þælt eitthvað í úrelti og gildi fyrirlestra kennara þar sem kennarar eru að nota fyrirlestra frá 2018 enn þann dag í dag.
 - v. **Júlía:** 1. Já það má auðvitað skoða það. 2. Fjóla fór á fund um útlit kennslukönnun.
 - vi. **Fjóla** bregst við: Já útlitið er í endurskoðun og vonandi verður fundin möguleiki á því að taka kannanir í gegnum Canvas.
 - vii. **Júlía:** Já það er spurning hvort slíkt falli ekki undir aukna fjölbreytta kennsluhætti.
 - viii. **Guðni:** Hefur verið erfitt að taka upp nútímavæddari kennsluhætti og það er auðvitað tengt því að SHÍ getur ekki beint sagt kennurum hvernig fólk kennir. En væri ekki möguleiki á því að hvetja til einhverskonar endurmenntunar og jafnvel hvetja til sköpunar einhverskonar hvatakerfi fyrir kennara að taka slíka endurmenntun.
 - ix. **Rakel Anna:** Kennarar upplifa þetta oft sem svo að verið sé að leggja auknar álögur á þau með kröfum um fjölbreytna kennsluhætti. Háskólinn býður upp á einhverja hvata fyrir kennara en það gæti verið þess virði að skoða þetta betur.

- x. **Július:** Nú liggur fyrir í nýju reiknilíkani að það verði úthlutað 2% út frá því hvort skólar séu að fylgja eftir og breyta eftir endurgjöfum stúdenta og því breytir þetta auðvitað áherslum skólans í rekstri. Þetta yrði því vonandi hvati fyrir stúdenta að taka þessar kannanir þar sem þetta er beintengt endurgjöfnni. Væri möguleiki að láta stúdenta vita af þessu svo að stúdentar taki meira mark á endurgjöfnni.
- xi. **Daníel:** Ég hef aldrei tekið kennslukönnun. En um leið og þú opnar fyrsta fagið að þá verður manni strax ljóst hvað þetta mun taka langan tíma. Væri ekki möguleiki að, með einhverjum hætti, hylja fyrir stúdentum hvað þetta tekur langan tíma?
- xii. **Arna:** Hvernig virkar stjórnsýslan hér hjá okkur og hvernig viljum við að mál fari í farveg hjá okkur. Viljið meira samstarf við kennslumálanefnd um t.d. ákveðin mál innan hvers sviðs?
- xiii. **Júlía:** Það hefur auðvitað hjálpað samvinnu að nú er kennslumálanefnd skipuð fulltrúa frá hverju sviði og því er auðveldara að halda uppi góðu samstarfi og málum sem tengjast bæði sviðsráði og nefndinni.
3. **Nýsköpunar og frumkvöðlanefnd – Katha Aþena, forseti kynnir.**
- i. **Guðni** spyr hvenær pubquizið verði haldið.
- ii. **Krissa** lýst vel á þessi plön, spenntur fyrir framhaldsskólakynningum.

Framkvæmdaáætlanir Fjölskyldunefndar og Lagabreytingarnefndar verða teknar fyrir á næsta stúdentaráðsfundi.

9. (8.)Kynning á könnun um fjárhagsstöðu stúdenta - *Katrín Björk Kristjánsdóttir*

1. Katrín Björk, fyrrum hagsmunafulltrúi SHÍ kynnir niðurstöður könnunar um fjárhagsstöðu stúdenta sem opin var frá 12.apríl – 5.maí síðastliðin. Samkvæmt könnuninni eru 69% stúdenta sem vinna með námi. Af þessum 69% sem voru að vinna með námi voru 60% sem fannst að vinna meðfram námi hafi neikvæð áhrif á námsárangur. Ásamt Katrínu vann María Sól fyrrum lánasjóðsfulltrúi að þessari könnun. Af þeim sem svöruðu voru 26% sem hafa tekið eða voru á námslánum og af þeim voru 84% af þeim sem fannst námslánin ekki duga. Það voru 60% stúdenta sem myndu hætta að vinna með námi ef námslánin væru hærrí.

Eiður: *Var aldursbil kannað í könnunni?*

Katrín: *Já það var kannað, algengasta aldursbilið var undir 27 ára.*

Arna: Hefur Félagsvísindastofnun eitthvað viljað taka þetta lengri og jafnvel framkvæma hana aftur til þess að ná mögulega til fleiri.

Katrín: Það var skoðað að vinna þetta með þeim en Félagsvísindastofnun er sjálfstæð stofnun og það kostar rosa mikið að gera svona könnun svo það var ekki inni í myndinni. En það væri góður leikur hjá stúdentaráði að hvetja Félagsvísindastofnun til þess að gera svona

Andrea: Það kom fram að 50% væri ekki í nemendafélaginu, var spurt nánar út í þetta. Því það liggja svo margar ástæður þarna bakvið t.d. fjárhagur eða tími.

Katrín: Nei því miður en eftir á hyggja hefðum við auðvitað að gera þetta.

Eiður: Ég hef verið í stjórnnum nemendafélaga og það hefur sýnt sig að ákveðin aldurshópur taka frekar þátt í starfinu.

Daníel Thor: Er einhver eftirfylgni? Hver eru næstu skref eftir þessa könnun?

Rakel Anna: Ef þið eruð með frábærar hugmyndir þá endilega komið með þær, það væri gaman að gera yfirlýsingu um þetta og eru niðurstöðurnar gott tól í hagsmunabaráttu.

Guðni: Var þetta lagt fyrir, bara á íslensku eða líka á ensku?

Katrín: Bæði.

Daníel: Það væri mjög gagnlegt að sjá skráningu í nemendafélögin. Það væri einmitt geggjað að sjá hvernig nýtingin er í fyrstu tveimur aldurshópunum því það er svona hópurinn sem ættu að vera í nemendafélaginu.

Katrín: Já það er hægt að koma þessum gögnum áleiðis.

Dagbjört: Það væri líka áhugavert að sjá hversu stórt hlutfall er að framfleyta sér á tekjum maka.

10. [Viðbót] Kosning á framkvæmdaáætlunum fastanefnda.

1. Það gleymdist að kjósa um áætlanirnar í lið 8 og er það gert nú.
2. **Fjármála og atvinnulífsnefnd: Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.**
3. **Kennslumálanefnd: Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.**
4. **Nýsköpunar og frumkvöðlanefnd: Einróma samþykkt með 15 atkvæðum.**

11. Önnur mál

1. **Gísli Laufeyjarson Höskuldsson:**

- i. Vildi bæta við erindi sitt: Það stendur til að háskólaráðuneytið muni leggja fram stóra könnun um þessa endurskoðun. Þessi könnun samsvarar nokkrum spurningum í könnuninni sem Katrín og María gerðu. Gísli segir að hún muni koma eins fljótt og auðið er og býst hann við henni í október. Það er líka gaman að sjá að niðurstöður könnunnar Katrínar og Maríu samræmast að einhverju leiti Eurostudent. Sem er frábært þegar kemur að stærri umræðu.

2. **Dagbjört Ósk Jóhannsdóttir:**

- i. Af hverju rukkar HÍ fyrir vottorð? Þetta er ekki há upphæð en af hverju er rukkað fyrir þetta?
- ii. **Rakel Anna:** HÍ verður að svara fyrir þetta.

3. **Rakel Anna Boulter:**

- i. Minnir á að nýta framkvæmdaáætlanir vel og nýta sem ákveðin tékklista fyrir ykkar vinnu. Ánægjulegt að sjá umræður um framkvæmdaáætlanir og hvetur hún til samstarfs og umræðu milli nefnda og stúdentaráðsliða t.d. í tillögugerð.
- ii. Minnst var á viðburðardagatalið sem er aðgengilegt ykkur sem og öllum nemendafélögum. Endilega bæta þar inn viðburðum sem eru fyrir alla stúdenta.

12. *Bókfærð mál*

1. Rakel Anna ítrekar virkni bókfærðra mála og minnir þar með á að ef einhverjar athugasemdir eru um bókfærð mál þurfa þær að berast fyrir fund.
2. Engar athugasemdir bárust um bókfærð mál og því skoðast þau samþykkt.

13. *Fundi slitið 19:03*